


Ársskýrsla 2016



Ársskýrsla 2016

Innan Samtaka iðnaðarins eru um 1.400 fyrirtæki og félög sjálfstæðra atvinnurekenda. Þau eru ólík innbyrðis, hvort sem litið er til stærðar, framleiðslu eða markaða. Þessi mikla fjölbreytni gerir starfið í senn vandasamt og nauðsynlegt. Þess er gætt að leggja áherslu á það sem er sameiginlegt en um leið er hlúð að því sértæka. Þetta hefur tekist með svo farsælum og árangursríkum hætti að Samtök iðnaðarins eru stærstu og öflugustu hagsmunasamtök atvinnurekenda í landinu.

Samtök iðnaðarins vinna að hagsmunum iðnaðarins á öllum sviðum í nánú samráði við fyrirtækin sjálf.

Ávarp formanns SI

Mótum eigin framtíð

Hagsæld hefur einkennt umhverfi okkar síðasta árið. Hagvöxtur er með því mesta sem sést hefur í Evrópu, atvinnuleysi er komið að lægstu mörkum þannig að við höfum þurft í auknum mæli að leita út fyrir landsteinana að vinnandi höndum. Hagur fyrirtækja og heimila hefur vænkast og skuldir verið greiddar niður. Að þessu sögðu skyldi maður ætla að hér væri allt í blóma og það er það svo sannarlega á margan hátt. Því er það mikið áhyggjuefni að okkur skuli ekki hafa tekist að huga að nauðsynlegri innviðaupbyggingu eftir mörg mögur ár. Viðhaldi opinberra bygginga er víða ábótavant. Vegakerfið okkar þarfnast mikilla endurbóta og viðbóta. Uppbygging raforkuflutninga er áhyggjuefni. Landspítalinn á í alvarlegum húsnæðisvanda. Verknámsskólar og háskólar eru í fjársveldi. Allt sem ég hef talið hér upp snertir félagsmenn Samtaka iðnaðarins.

Öflugir innviðir eru forsenda þess að atvinnu- og mannlíf blómstri í landinu. Það er hættulegt að sofna á verðinum og huga ekki stöðugt að framförum. Hjá Samtökum iðnaðarins leggjum við höfuðáherslu á að berjast fyrir bættu rekstrarumhverfi iðnaðar þannig að rekstur fyrirtækja okkar sé arðbær, leiði af sér spennandi og vel launuð störf og síðast en ekki síst að fyrirtæki okkar starfi í sátt við umhverfið. Við hlúum að menntun og hvetjum ungt fólk til að skoða gaumgæfilega það námsframboð sem er í boði sérstaklega með áherslu á iðn-, verk- og tæknináám. Tækniframfarir eru örar sem kallar á miklar breytingar starfa. Til að bregðast við þessum breytingum þarf unga fólk að okkar að vera tilbúið. Liður í því er að auka forritunarkennslu í grunnskólum landsins. Samtök iðnaðarins stóðu fyrir því á árinu ásamt fleirum að afhenda öllum 12 ára grunnskólabörnum á Íslandi litla smátölvu, Microbit, sem nýtist með óhefðbundnum hætti til forritunarkennslu. Við bindum vonir við að verkefnið muni auka skilning og áhuga barna á tæknigreinum.

Það má færa rök fyrir því að iðnaður á Íslandi eigi undir högg að sækja. Það er sótt að mörgum greinum íslensks iðnaðar með lækkun innflutningstolla og þar með auknum innflutningi. Það er nauðsynlegt að minna sig reglulega á mikilvægi iðnaðar því með öflugri framleiðslu á Íslandi sparast gjaldeyris sem annars færi í innflutning. Þarna ræður lækkun á gengi krónunnar miklu. Sú styrking sem orðið hefur á krónunni síðustu mánuði hefur verulegar og alvarlegar afleiðingar fyrir útflutningsgreinar okkar og skekkir samkeppnisstöðu okkar á mörkuðum. Við hafa svo bæst gríðarlegar launahækkningar sem hækka síðan raungengið og skekkir samkeppnisstöðu okkar enn frekar. Við þetta má svo bæta að vaxtastigið hér á landi er með þeim hætti að það sligar bæði fyrirtæki og heimili. Það sem iðnaðurinn kallar fyrst og fremst eftir er stöðugleiki í rekstrarumhverfinu því aðeins í stöðugleika mun iðnaðurinn blómstra.

Starf Samtaka iðnaðarins hefur verið öflugt á árinu og má þakka það einvalaliði starfsmanna sem stendur vaktina fyrir okkur félagsmenn dag sem nótt. Hópurinn er öflugur og vel valinn maður í hverju rúmi.

Ég vil þakka félagsmönnum, stjórn og starfsmönnum fyrir einkar ánægjulegt samstarf á árinu og óska Samtökum iðnaðarins velfarnaðar á nýju starfsári.

Guðrún Hafsteinsdóttir



Mars 2017

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími 591 0100, mottaka@si.is, www.si.is
Ábyrgðarmaður: Almar Guðmundsson
Ritstjórn: Raket Pálsdóttir og
Margrét Kristín Sigurðardóttir
Hönnun og umbrot: Hvíta húsið
Prentun: Prenttækni ehf.

Stjórn SI 2016

Stjórn Samtaka iðnaðarins var skipuð fjórum konum og sex körlum úr röðum félagsmanna. Þau bera ábyrgð á stefnumörkun og áherslu í starfinu en framkvæmdastjóri og starfsfólk sjá um nánari útfærslu og framkvæmd. Stjórnin kom saman til 12 formlegra stjórnarfunda. Reglur um stjórnarsetu eru þannig úr garði gerðar að sífelld

endurnýjun á sér stað innan stjórnarinnar en einn helsti styrkur SI er að enginn getur setið þar lengur en í sex ár. Þá þarf hver stjórnarmaður að fá endurnýjað umboð á tveggja ára fresti en formaður árlega.



Guðrún Hafsteinsdóttir
formaður, Kjöris



Agnes Ósk Guðjónsdóttir,
GK Snyrtistofa



Eyjólfur Árni Rafnsson,
Mannvít



Gylfi Gíslason,
JÁVERK



Guðrún Jónsdóttir,
Héðinn



Katrín Pétursdóttir,
Lýsi



Lárus Andri Jónsson,
Rafþjónustan



Ragnar Guðmundsson,
Norðurál




Árni Sigurjónsson,
Marel



Egill Jónsson,
Össur

Í varastjórn sitja Bergþóra Þorkelsdóttir, ÍSAM,
Hreiðar Guðjónsson, Fjarskipti og Jón Gunnar Jónsson, Actavis.



Stjórnarkjör

Stjórnarkjör fór fram á aðalfundi SI. Kjörið fór fram með netkosningu og úrslit kynnt á lðnþingi. Vægi félagsmanna tekur mið af félagagjöldum.

Guðrún Hafsteinsdóttir var endurkjörin formaður Samtaka iðnaðarins.

Alls gáfu átta kost á sér til almennrar stjórnarsetu. Kosið var um fimm sæti og hlutu þessi flest atkvæði: Agnes Ósk Guðjónsdóttir, Árni Sigurjónsson, Guðrún Jónsdóttir, Egill Jónsson og Eyjólfur Árni Rafnsson.



Margrét Kristín Sigurðardóttir



Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir



Eyrún Arnarsdóttir



Berglind Guðjónsdóttir

Starfsmannabreytingar

Margrét Kristín Sigurðardóttir var ráðin nýr forstöðumaður almanna-tengsla í mars. Margrét er viðskiptafræðingur cand.oecon með MBA stjórnunargráðu frá Háskólanum í Reykjavík og MSc gráðu í markaðsfræðum og alþjóðaviðskiptum frá Háskóla Íslands.

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir var ráðin nýr forstöðumaður mennta- og mannauðsmála í júní. Ingibjörg Ösp er með MSc gráðu í stjórnun og stefnumótun frá Háskólanum á Akureyri og BSc gráðu í viðskiptafræði frá rekstrardeild Háskólans á Akureyri. Hún tók við af Katrínu Dóru Þorsteinsdóttur.

Eyrún Arnarsdóttir hóf störf í desember sem lögfræðingur SI. Hún leysir af Björgu Ástu Þórðardóttur sem er í fæðingarorlofi.

Helga Ingvarsdóttir var ráðin sem aðstoðarmaður á skrifstofu Samtaka iðnaðarins í apríl og tók við af Þóru Ólafsdóttur sem lét af störfum. Helga lést í júlí. Dugnaður og lífsgleði einkenndi Helgu þann tíma sem hún starfaði með samtökunum.

Berglind Guðjónsdóttir tók við af Helgu og hóf störf í október. Berglind starfaði áður hjá Rekstrarfélagi Húss atvinnulífsins.

Halla Kristín Guðfinnsdóttir, verkefnastjóri Gert lét af störfum í lok árs.

Hlynur Magnússon var ráðinn tímabundið til starfa á Hugverkasviði og sinni því til nóvemberloka.

Fjórir meistaranemar létu af störfum eftir 9 mánaða starfsnám. Loftur Hreinsson, Magnús Kári Ingvarsson, Inga Valgerður Stefánsdóttir og Viktoría Ólafsdóttir.



Ályktun lönpings 2016



Kröftugur hagvöxtur, bati á vinnumarkaði og miklar launahækkunir einkennir íslenskt efnahagslíf um þessar mundir. Hagkerfið er enn í skjóli fjármagnshafta sem verða afnumin að stórum hluta. Við þær aðstæður verður hagkerfið berskjaldaðra en áður og mikilvægi skynsamlegrar hagstjórnar meira en nokkru sinni fyrr.

Mikilvæg forsenda stöðugleika í efnahagslífinu er friður á vinnumarkaði. SALEK samkomulagið gefur fyrirheit um slíkt og gæti skapað forskundur fyrir lækkun vaxta ef það tekst að stöðva víxlhækkun launa og verðlags. Það er hins vegar vandasöm áskorun fyrir fyrirtækin að mæta þessum miklu hækkunum og verja um leið stöðugleikann. Íslenskt atvinnulíf getur ekki til lengdar búið við mun hærra fjármagnskostnað en erlendir keppinautar auk þess sem mikill vaxtamunur getur valdið óeðlilegri og óæskilegri styrkingu á gengi krónunnar.

Á einu ári hefur gengi krónunnar styrkst um 8% auk þess sem laun hækka hér hraðar en í samkeppnislöndunum. Afleiðingin er versnandi samkeppnisstaða útflutnings- og samkeppnisgreina. Mikilvægt er að meginstöðir hagstjórnar, peningastefnan og ríkisfjármálastefnan, verði endurbætt enda mun krónan verða gjaldmiðill okkar næstu árin. Óvarlegt er að útiloka aðra valkosti en íslenska krónu til lengri tíma og í því samhengi er eðlilegt að framhald aðildarviðræðna við ESB verði lagt í dóm þjóðarinnar.

Frjáls og óhindruð viðskipti og aðgangur að erlendum mörkuðum er lífæð íslenskra fyrirtækja. EES-samningurinn skiptir þar sköpum. Tryggja þarf tilvist og þróun hans. Verja þarf hagsmunum Íslands vegna TTIP, fríverslunarsamnings milli Bandaríkjanna og Evrópusambandsins komi til hans enda á Ísland enga aðkomu að núverandi viðræðum.

Þrátt fyrir myndarlegan hagvöxt síðustu ár er fjárfesting í landinu enn of lítil, sérstaklega í innviðum og íbúðum. Að óbreyttu munu innviðir í landinu rýrna og þannig draga úr samkeppnishæfni samfélagsins. Átak þarf í

innviðafjárfestingu og treysta þarf samstarf opinberra aðila og einkageirans við framkvæmd og fjármögnun slíkra framkvæmda.

Mikilvægt er að áfram verði unnið að einföldun í skattkerfinu. Það stuðlar að betri skattheimtu og dregur úr hættu á svartri atvinnustarfsemi og skattaundanskotum. Niðurfelling tolla og vörugjalda var mikilvægt skref í þeim efnum en brýnasta hagsmunamálið er að stjórnvöld standi við fyrirheit um lækkun tryggingagjalds og færi í áföngum til sama horfs og var 2008. SI skorar á stjórnvöld að færa endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu á byggingarstað aftur upp í 100% enda sýnir reynsla undanfarinna missera að það er góð leið í baráttu gegn svartri atvinnustarfsemi.

Ísland er í harðri samkeppni um að laða til sín og halda í starfsemi sem byggir á mannauði og þekkingu. Þó skilyrði fyrirtækja til rannsóknar og þróunar hér á landi hafi batnað umtalsvert á liðnum árum vantar mikið upp á að við stöndum keppinautum okkar jafnfætis. Í því samhengi skiptir mestu að hækka þak á endurgreiðslu rannsóknar- og þróunarkostnaðar, auðvelda fyrirtækjum að ráða til sín erlenda sérfræðinga, efla skattalega hvata til áhættufjárfestinga og lækka kostnað við skráningu á skipulega verðbréfamarkaði.

Aukin framleiðni er mikilvægt skref í átt að bættri samkeppnishæfni og auknum lífsgæðum til framtíðar. Hækkandi meðalaldur og hlutfallsleg fækkun í hópi þeirra sem eru vinnandi kallar á nýjar lausnir. Einfaldara regluverk og skilvirkara eftirlit af hálfu hins opinbera er önnur mjög mikilvæg forsenda aukinnar framleiðni.

Iðn-, verk- og tæknimenntun þarf að vera í forgangi í íslensku skólakerfi til að mæta brýnni þörf atvinnulífsins. Skólakerfið verður í auknum mæli að gagnast nemendum til að ná nauðsynlegri hæfni fyrir framtíðina. Iðnfyrirtækin í landinu ætla að leggja sitt af mörkum og leggja stóruka áherslu á vinnustaðanáms með sérstökum sáttmála þess efnis.

Loftslagið hlýnar og betri umgengni við umhverfið og aukin orkunýting er ekki krafa heldur verkefni sem við verðum að takast á hendur. Iðnaðurinn er þar í lykilhlutverki – tilbúinn með lausnir og hugmyndir.

Orka er lífæð fyrirtækja og heimila og ekkert land í heiminum framleiðir meira rafmagn á íbúa en Ísland. Brýnt er að eðlilegur vöxtur sé í framboði raforkuframleiðslu og að uppbygging raforkuflutningskerfisins sé í takt við þarfir. Verja þarf samkeppnishæfni orkunýtingar á Íslandi.

Lækka þarf byggingarkostnað. Þótt íbúða-fjárfesting hafi aukist nokkuð dugar það hvergi nærri til að mæta brýnni þörf. Áfram þarf að vinna að einföldun á byggingarreglugerð og breytingum á mannvirkjalögum með það fyrir augum að auka sveigjanleika og lækka byggingarkostnað. Einnig er nauðsynlegt að lækka lóðaverð og fjármagnskostnað. Átak þarf í byggingu íbúða.

Nýir búvörusamningar fela í sér skýr skilaboð um að stjórnvöld ætli að standa vörð um hagsmunum landbúnaðarins með talsverðum tilkostnaði. Ekki má missa sjónar af því að öflug landbúnaðarframleiðsla er þjóðinni mikilvæg og að einstakar greinar þurfa eðlilegt ráðrúm til að aðlaga sig að breyttum aðstæðum. Slíkir samningar verða engu að síður að fela í sér skýra hvata til nýsköpunar og virkrar samkeppni og að gætt sé að jafnræði atvinnugreina. Samningar sem þessir verða að búa í haginn fyrir og fela í sér minnkandi vernd og jöfnun starfsskilyrða.

Markverður árangur hefur náðst í efnahagslífinu síðustu misserin, ekki síst vegna aðkomu stjórnvalda að niðurfellingu tolla, einföldun á skattkerfinu og SALEK-samkomulaginu. Mikilvægt er að þetta enn frekar samstarf og samvinnu stjórnvalda og atvinnulífs með það fyrir augum að bæta starfsskilyrði og samkeppnishæfni.



Fjölbreyttir fundir og ráðstefnur

Samtök iðnaðarins hafa efnt til fjölda opinna funda og ráðstefna víða um land á liðnu starfsári. Viðfangsefni þeirra eru margvísleg og spanna breitt svið. Auk eigin funda og viðburða tóku SI einnig þátt í ýmsum uppákomum í samvinnu við aðra aðila.

Ný sýn á fjármögnun innviðaframkvæmda

Samtök iðnaðarins og Félag ráðgjafarverkfræðinga stóðu fyrir vel heppnuðum fundi í janúar um fjármögnun innviðafjárfestinga. Meðal ræðumanna var Sissel Husoy, sérfræðingur Deloitte Financial Advisory in Norway sem fjallaði um fyrirkomulag og framkvæmdir PPP verkefna í Noregi.

Kynningarfundur um Tækniþróunarsjóð

Samtök iðnaðarins boðuðu til kynningarfundar fyrir félagsmenn SI með fulltrúum Tækniþróunarsjóðs og Rannís þar sem farið var yfir umsóknar- og matsferli sjóðsins, breytingar og nýjar áherslur í starfsemi.

Uppsetning björgunar- og öryggisbúnaðar í skipum

Samtök iðnaðarins og Samtök skipaiðnaðarins stóðu fyrir fundi um uppsetningu björgunar- og öryggisbúnaðar í skipum. Fundurinn var ætlaður til umræðna um uppsetningu björgunar- og öryggisbúnaðar fyrir framleiðendur, hönnuði og aðra sem koma að nýsmíði og viðhaldi skipa hér á landi.

Áskoranir í loftslagsmálum – Atvinnulífið er með lausnirnar

Loftslagsmál eru ein af stærstu áskorunum sem við stöndum frammi fyrir. Áskoranir fyririrtækja voru ræddar á opnum morgunverðarfundi Samtaka iðnaðarins og CleanTech Iceland þann 27. janúar og aftur á hádegisverðarfundi SI og Akureyrarbæjar 3. mars.

Menntadagur atvinnulífsins

Menntun og fræðsla sem nýtist öllu atvinnulífinu var í kastljósinu á Menntadegi atvinnulífsins 28. janúar. Menntadagur atvinnulífsins er samstarfsverkefni SAF, SFF, SFS, Samorku, SI, SVP og SA og var nú haldinn í þriðja sinn. Menntaverðlaun atvinnulífsins voru að vanda veitt fyrirtekjum sem hafa staðið sig vel á sviði fræðslu- og menntamála. Að lokinn sameiginlegri dagskrá efndu SI til menntastofu sem helguð var vinnustaðanámi og kynntu á kjölfarið sáttmála 160 fyrirtekja sem ætla að taka nema á samning eða í vinnustaðanám.

Nýgerðir kjarasamningar og staða kjaramála

Samtök iðnaðarins buðu félagsmönnum sínum til kynningarfundar um stöðu kjaramála í byrjun febrúar. Erindi fluttu Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA og Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður SI. Að þeim loknum var opnað fyrir spurningar og urðu lífligar umræður í kjölfarið.

UT messan 2016

UT messan var haldin í sjötta sinn í Hörpu í byrjun febrúar. Að venju lögðu mörg þúsund manns leið sína á ráðstefnu og opið hús. Á messunni var settur upp Tæknistiginn, samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, Icelandic Startup og UT messunnar. Í stiganum voru 20 tækniyrirtæki sem sýndu áhugaverðar lausnir í upplýsingatækni. Skýrslutæknifélagið (Ský) stendur að UT messunni í samstarfi við Háskólann í Reykjavík, Háskóla Íslands og Samtök iðnaðarins.

Dagur íslensks prentiðnaðar

Í byrjun febrúar stóðu IÐAN fræðslusetur, Félag bókagerðarmanna og Samtök iðnaðarins fyrir Degi íslensks prentiðnaðar í annað sinn. Á þessum degi hittist starfsfólk í prentútgáfu og hönnunariðnaði til að fræðast og skemmta sér saman. Í boði voru fjölmargir fyrirlestrar og örnámskeið fyrir gesti.

Útboðsþing 2016

Árlegt útboðsþing SI um verklegar framkvæmdir var haldið í lok febrúar. Fundasalurinn var þétt settinn að vanda þegar Reykjavíkurborg, Landsvirkjun, OR Veitur, Orka náttúrunnar, Landsnet, Framkvæmdasýsla ríkisins, Faxaflóahafnir, Kópavogsbær, Vega-gerðin og ISAVIA kynntu fyrirhugaðar verklegar framkvæmdir. Kynntar voru áformaðar framkvæmdir fyrir tæpa 100 milljarða króna sem er veruleg aukning frá því í fyrra.

Mannvirkjagerð á Íslandi

Samtök iðnaðarins og Landsbankinn stóðu fyrir ráðstefnu í Laugardalshöll fimmtudaginn 3. mars þar sem farið var yfir stöðu mála í mannvirkjagerð á Íslandi frá ýmsum sjónarhornum og leitast var við að varpa ljósi á þróun og framtíðarsýn sérfræðinga á þessu sviði. Ráðstefnan markaði upphaf stórsýningarinnar Verk og vit 2016.

Iðnþing SI – Stóra myndin

Þingið var einstaklega vel heppnað en hátt í 400 manns mættu og hlustuðu á fjórlegar umræður leiðtoga fyrirtekja, sérfræðinga og ráðherra um meginstrauma í samfélagi og atvinnulífi. Að venju var aðalfundur SI haldinn að morgni sama dag.

Íslenskur afþreyingariðnaður í erlendri samkeppni

Samtök iðnaðarins, FRÍSK og Samtök verslunar og þjónustu stóðu fyrir fundi í maí þar sem farið yfir lykiltölur íslenska markaðarins í afþreyingariðnaði í samkeppni við erlenda aðila. Erindi fluttu Hallgrímur Kristinsson, formaður FRÍSK, Ágúst Þór Ágústsson, lektor við Viðskiptadeild HÍ, Magnús Ragnarsson, framkvæmdastjóri Miðla og markaðar hjá Símanum, Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna og Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata.

Nýsköpun, fjárfesting og fjármögnunarleiðir fyrir matvæla- og líftæknifyrirtæki

Rannís, Samtök fyrirtekja í sjávarútvegi og Samtök iðnaðarins efndu til málþings 17. maí sem bar heitið „Nýsköpun, fjárfesting og fjármögnunarleiðir fyrir matvæla- og líftæknifyrirtæki“.

líftækniyrirtæki“. Málþingið var vel sótt og er ljóst að mikil tækifæri og framtíðarmöguleikar eru fólgin í nýsköpun og rannsóknum þessarar atvinnugreinar.

Matvælandið Ísland

Samstarfshópur um Matvælandið Ísland efndi til ráðstefnu undir yfirskriftinni „Nýir straumar og markaðssetning matvæla“ þann 19. maí. Aðalfyrirlesari var Birthe Linddal, danskur sérfræðingur í framtíðarfræðum sem fjallaði um strauma og stefnur í matargeiranum. Að Matvælandinu standa atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Bændasamtök Íslands, Íslandsstofa, Matís, SAF, SFS, SI og fyrirtæki í þessum samtökum.

Kvikmyndaframleiðsla er hörku menningariðnaður

Kvikmyndaframleiðsla er hörku menningar- iðnaður var yfirskrift málþings Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK) og Samtaka iðnaðarins sem haldið var í Gamla bíói 26. maí. Á málþinginu var farið yfir jákvæða þróun kvikmyndaiðnaðarins hér á landi og fjallað um fjármála- og tryggingaþjónustu í kvikmyndagreininni með áherslu á alþjóðlegar lausnir fyrir íslenskan markað.

Orkan okkar – Our Energy

Hagfræðingurinn Lars Christensen vann ítarlega skýrslu um íslenskan raforkumarkað að beiðni Samtaka iðnaðarins. Lars kynnti helstu niðurstöður skýrslunnar á vel sóttum fundi 2. júní. Heiti skýrslunnar er Our Energy 2030 en þar er að finna greiningu á raforkumarkaðnum á Íslandi, samkeppnishæfnin er skoðuð og rýnt í helstu áskoranir sem framundan eru.

Ný tækifæri með nýjum lögum

Breytt umhverfi nýsköpunaryrirtækja á Íslandi var til umfjöllunar á fjölmönnum fundi sem haldinn var í Húsi atvinnulífsins 1. júlí. Meðal ræðumanna var Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra, sem sagði stuðning og ábendingar frá hugverkaiðnaðinum um hvar þyrfti helst að beita sér í breytingunum mikilvægan. Fjölmargir aðilar úr atvinnulífinu og stuðningsumhverfinu tóku einnig til máls.

Stefnumót um tæknilausnir fyrir aldraða og fatlaða

Reykjavíkurborg og Samtök iðnaðarins vinna saman í norrænu verkefni og efndu í tengslum við það til stefnumóts frumkvöðla, fyrirtækja og aðila á velferðarsviði í ágúst. Tilgangurinn var að skapa samstarfsvettvang til að leggja grunn að þróun og prófun nýrra tæknilausna fyrir eldri borgara og fatlaða.

Dagskráin hófst með stuttum opunar- erindum og örkynningum frumkvæðisaðila að nýju samstarfi. Þátttakendur gátu síðan kynnt þróunarverkefni og lausnir sem þeir telja eiga erindi í slíkt samstarf.

PPP verkefni – ábati og áhættur

Undanfarin misseri hefur umræða um samstarfsverkefni opinberra og einkaaðila (e. Public Private Partnership eða PPP) um innviðaframkvæmdir aukist. Deloitte, í samstarfi við Samtök iðnaðarins, stóðu fyrir vel sóttum morgunverðarfundi þann 24. ágúst í Hörpu þar sem fjallað var um innviðafjárfestingar frá ýmsum hliðum.

Nýir styrkjaflokkar Tækniþróunarsjóðs

Tækniþróunarsjóður kynnti breytingar á styrkjaflokkum og umsóknarferli á vel sóttum fundi SI í ágúst. Tækniþróunarsjóður er nú með fimm flokka fyrirtækjastyrkja; Fræ, Sproti, Vöxtur, Sprettur og Markaðsstyrkur. Hver styrkur er sniðinn að mismunandi þróunarstigi verkefna. Einnig eru í boði styrkir til hagnýtra rannsóknarverkefna innan háskóla og rannsóknastofnana og gjarnan í samstarfi við fyrirtæki og einkaleyfastyrkir.

Slush Play Reykjavík

Slush Play Reykjavík fór fram dagana 29.–30. september í Austurbæ. Á ráðstefnunni var framtíðin til umræðu í samvinnu frumkvöðla, stjórnenda, fjárfesta og fjölmiðlanna Economist og TechCrunch. Slush ráðstefnan er alþjóðlegur vettvangur fyrir frumkvöðla til þess að setja sig í samband við alþjóðlega fjárfesta, aðra fjársterka aðila og fjölmiðla. IGI – Samtök leikjaframleiðenda voru meðal skipuleggjenda ráðstefnunnar.

Fundur fólksins

Samtök iðnaðarins tóku þátt í Fundi fólksins í Norræna húsinu á þremur vígstöðvum; í umræðum um húsnæðismarkaðinn, um skapandi greinar og um mikilvægi hugverks í sköpun nýrra verðmæta. Þetta er í annað sinn sem Fundur fólksins er haldinn en um er að ræða tveggja daga lýðræðis- og stjórn- málahátið þar sem markmiðið er að skapa meira traust og skilning milli ólíkra aðila samfélagsins.

Málþing Íslenska byggingavettvangsins

Íslenski byggingavettvangurinn og velferðarráðuneytið stóðu fyrir málþingi í september þar sem farið var yfir stöðu mála og næstu skref í verkefninu „Vandað, hagkvæmt, hratt“. Í verkefninu er leitað leiða

til að auka fjölbreytni og framboð á hagkvæmu húsnæði, ekki síst í þágu ungs fólks og tekjulágra. Að byggingavettvanginu standa Samtök iðnaðarins, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Íbúðalánasjóður og Mannvirkja- stofnun.

Allar á iði – aðventugleði kvenna í iðnaði

Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður samtaka iðnaðarins, bauð í þriðja sinn konum í iðnaði til aðventugleði 17. nóvember. Fundurinn var með léttu yfirbragði en markmiðið er að konur, sem starfa í iðnaði, hittist til að ræða saman og tengjast. Forsetafrúin Eliza Reid flutti erindi ásamt Árelíu Eydísi Guðmundsdóttur, dósent í HÍ. Allar konur í fyrirtækjum SI voru boðnar velkomnar.

Fundaröð um framleiðni

Samtök iðnaðarins stóðu áfram fyrir fundum um framleiðni einu sinni í mánuði frá janúar til mars. Mikilvægur þáttur í því að auka framleiðni í fyrirtækjum snýr að einföldum umbótum. Tilgangurinn með fundaröðinni var að skapa vettvang fyrir flæði hugmynda milli fyrirtækja enda vinna SI að framleiðni- aukningu með áherslu á skilvirkt rekstrar- umhverfi, þróun og fræðslu. Meðal umfjöllunarefnis var úrgangsstjórnun, endurvinnsla og öryggi.

Menntun og mannaúður - fundaröð

Samtök í Húsi atvinnulífsins stóðu fyrir fundaröð þar sem fengnir voru sérfræðingar úr ýmsum áttum til að fjalla um menntamál. Meðal umfjöllunarefnis var hvernig raunfærnimat getur gagnast fyrirtækjum og erlent starfsfólk á íslenskum vinnumarkaði.

Litla Ísland

Samtök í Húsi atvinnulífsins stóðu fyrir nokkrum fundum á vordögum undir hatti Litla Íslands. Meðal umfjöllunarefnis var bók- hald, markaðsmál, starfsmannamál og samningar og skipulag. Litla Ísland er vettvangur þar sem smá fyrirtæki vinna saman óháð atvinnugreinum.

Mannvirkjamál á landsbyggðinni

Bygginga- og mannvirkjasvið stóð fyrir fundum í Vestmannaeyjum og Ísafirði á haustmánuðum þar sem starfsemi SI var kynnt, fjallað var um bygginga- og mannvirkjamál, samskipti framkvæmdaraðila og embættismanna sveitarfélaga auk þess voru kynntar breytingar á byggingareglugerð. Fundirnir voru vel sóttir og komu fram óskir um að SI standi oftast fyrir á móta fundum á landsbyggðinni.



Sterkur bakhjarl

Samtök iðnaðarins standa fyrir margs konar viðburðum og styrkja verkefni í samstarfi við aðra í þeim tilgangi að stöðja fjölbreytt málefni sem varða hag íslensks iðnaðar.

Íslenska ánægjuvogin

Niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar voru kynntar í febrúar og er þetta sautjándi árið sem ánægja viðskiptavina íslenskra fyrirtækja er mæld með þessum hætti. Viðurkenning var afhent í þremur flokkum. Samtök iðnaðarins eru meðal styrktaraðila að Íslensku ánægjuvoginni.

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands eru veitt árlega þeim námsmönnum sem hafa unnið framúrskarandi starf við úrlausn verkefnis sem styrkt var af Nýsköpunarsjóði námsmanna. Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins styrktu Nýsköpunarsjóð námsmanna við veitingu Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands í ár.

Food and Fun

Matarhátíðin Food and Fun var haldin í fimmtánda sinn í mars. Af því tilefni fengu um 20 veitingahús til sín erlenda matreiðslumeistarar sem allir eiga það sameiginlegt að hafa vakið athygli fyrir framúrskarandi hæfileika í heimalandi sínu. Samtök iðnaðarins eru meðal bakhjarla Food and Fun.

Hönnunarmars

Hönnunarmars fór fram í áttunda sinn dagana 10.-13. mars í Hörpu. Íslenskir húsgagnaframleiðendur sýndu nýjungar í framleiðslu á glæsilegri sýningu í Hafnarhúsinu. Félag íslenskra gullsmiða setti einnig upp sýningu í Hafnarhúsinu þar sem gullsmiðir í félaginu sýndu gripi og settu upp vinnustofu.

Verk og vit 2016

Stórsýningin Verk og vit var haldin í þriðja skipti dagana 3.–6. mars í Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal. Um 90 sýnendur tóku þátt. Sýningin er tileinkuð byggingariðnaði, skipulagsmálum, mannvirkjagerð og tengdum greinum. Fyrstu tvo dagana var hún opin fyrir fagaðila en um helgina var almenningur einnig boðinn velkominn. Landsbankinn og Samtök iðnaðarins héldu fjölmenna ráðstefnu um mannvirkjagerð á Íslandi í tengslum við sýninguna.

Íslenskur iðnaður á Hringbraut

Íslenskur iðnaður var til umfjöllunar í tveimur þáttum á sjónvarpsstöðinni Hringbraut þar sem Sigmundur Ernir Rúnarsson fékk til sín góða gesti og tók upp þráðinn frá Iðnþingi þar sem rætt var um stöðu íslensk iðnaðar.

Stelpur og tækni

Girls in ICT Day er hluti af alþjóðlegu átaki og haldið undir nafninu Stelpur og tækni. Að verkefninu standa Háskólinn í Reykjavík, Skýrslutæknifélag Íslands og Samtök iðnaðarins.

GERT

GERT (verkefni um að grunnmenntun verði eflað í raunvísindum og tækni) er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga með það að markmiði að efla áhuga nemenda í grunnskóla á raunvísindum og tækni.

Forritarar framtíðarinnar

Sjóðurinn „Forritarar framtíðarinnar“ er samfélagsverkefni sem hefur það hlutverk að efla forritunar- og tæknimenntun í grunn- og framhaldsskólum landsins með því að bjóða styrki til tækjabúnaðar og þjálfunar kennara. Um er að ræða samstarfsverkefni Skema, RB og aðila atvinnulífsins.

Microbit

Samtök iðnaðarins, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Menntamálastofnun og RÚV tóku höndum saman um átaksverkefni með það að markmiði að efla forritunarkunnáttu íslenskra barna. Verkefnið felst í því að Microbit, forritanleg smátölva er gefin öllum grunnskólabörnum í 6. og 7. bekk.

BOXID – Framkvæmdakeppni framhaldsskólanna

BOXID – Framkvæmdakeppni grunnskólanna er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, Háskólans í Reykjavík og Sambands íslenskra framhaldsskólanna. Markmið með Boxinu er að kynna og vekja áhuga nemenda í framhaldsskólum á verk- og tækninámi og fjölbreyttum störfum í iðnaði.

Verk- og tækninám – Nema hvað!

Samtök iðnaðarins og BÍlgreinasambandið sendu kynningarefni til allra 9. bekkinga um þá möguleika sem standa nemendum til boða innan verk- og tæknigreina. Um er að ræða markpóst þar sem vísað er inn á vefsíðu með myndböndum og upplýsingum um nám og skóla á www.nemahvad.is.

Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda

Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda (NKG) er hugmyndasamkeppni fyrir nemendur í 5., 6. og 7. bekk í grunnskóla. Undirbúningur í skólum landsins fer fram samhliða skólaárinu. NKG hefst á haustin og lýkur á vorin með vinnusmiðju þar sem þátttakendur í úrslitum fá tækifæri til að útfæra hugmyndir sínar frekar með aðstoð leiðbeinenda frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Samtök iðnaðarins eru meðal bakhjarla keppinnar.

Local Food á Akureyri

Samtök iðnaðarins voru meðal sýnenda á norðlensku matarhátíðinni Local Food sem haldin var í Íþróttahöllinni á Akureyri. Samtökin eru einnig meðal bakhjarla hátíðarinnar. Sýningin var vel sótt en um 30 sýnendur af fjölbreyttum toga tóku þátt.



Byggingadagur IÐUNNAR

Samtök iðnaðarins tóku þátt í Byggingadegi IÐUNNAR fræðsluseturs. Á byggingadeginum kynntu aðilar í byggingariðnaðinum hugmyndir og lausnir til að byggja ódýrt húsnæði. Kynntar voru nýjungar frá fjölmörgum aðilum og fyrirtækjum í byggingariðnaðinum. Gestum var boðið upp á léttu tóna og veitingar.

Ecotrophelia Ísland

Samtök iðnaðarins, Matís, Háskóli Íslands og Nýsköpunarmiðstöð eru aðilar að Ecotrophelia Europe sem er alþjóðleg keppni um nýsköpun í vistvænni matvælaframleiðslu.

Hönnunarverðlaun Íslands

Hönnunarverðlaun Íslands voru afhenti í þriðja sinn við hátíðlega athöfn í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Hönnunarmiðstöð Íslands stendur að verðlaununum, í samstarfi við Hönnunarsafn Íslands, Listaháskóla Íslands, Landsvirkjun, Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins.

Vaxtasprotinn 2016

Vaxtasprotinn er viðurkenning sem veitt er á vegum Samtaka sprotafyrirtækja innan Samtaka iðnaðarins, Rannsóknamiðstöðvar Íslands og Háskólans í Reykjavík. Tilgangurinn er að vekja athygli á góðum árangri sprotafyrirtækja í örum vexti og skapa aukinn áhuga og skilning á uppbyggingarstarfi þessara fyrirtækja. Í ár var það fyrirtækið Eimverk ehf. sem hlaut vaxtasprotann. Fyrirtækin Lauf Forks, Orf Líftækni og Valka fengu einnig viðurkenningu fyrir góðan vöxt.

Skúlaverðlaun

Skúlaverðlaunin eru veitt fyrir besta hlutinn í sýningunni Handverk og hönnun. Samtök iðnaðarins gefa verðlaunin sem kennd eru við Skúla Magnússon, fógeta og frumkvöðul smáiðnaðar í Reykjavík. Almar Guðmundsson, framkvæmdarstjóri SI afhenti Sigrúnu Ólöfu Einarsdóttur verðlaunin fyrir lampaseríuna „Ljóma“.

Fjöreggið 2016

Fjöreggið var afhenti á Matvæladegi MNÍ í október. Viðurkenningin hefur frá upphafi verið veitt með stuðningi frá Samtökum iðnaðarins.

Hönnun í framleiðslu

Samtök iðnaðarins tóku þátt í verkefninu „Hönnun í framleiðslu – nýting hönnunar við nýsköpun og vörupróun framleiðslufyrirtækja“.

Myndbönd um framleiðni

Samtök iðnaðarins framleiddu þrjú ný myndbönd sem taka á mállefnum framleiðni en framleiðni er eitt af stefnumálum samtakanna. Aukin framleiðni er grunnur að verðmætasköpun og því mikilvægt að bæta stöðugt framleiðni í öllum atvinnugreinum. Aukin framleiðni er oft á tíðum mikilvægari en aukin umsvif því það er ekki sjálfgefið að góð verkefnastaða skili betri afkomu. Hafa þarf í huga að þó ástandið á vinnu-markaðnum sé gott um þessar mundir þá getur kostnaður oft orðið hlutfallslega hærri með auknum umsvifum.

Team Spark

Samtök iðnaðarins eru bakhjarl Team Spark. Team Spark er lið verkfræðinema við Háskóla Íslands sem hanna og smíða rafkappakstursbíla til keppni á alþjóðlegum vettvangi í „Formula Student“ keppninni þar sem lið frá mörgum af bestu tækniháskólum heims keppast um að smíða besta kappakstursbílinn.



A close-up photograph of a person's hand wearing a blue and red striped work glove. The hand is holding an orange hard hat. The person is wearing blue denim jeans. The background is a plain, light-colored surface.

Mannvirkjasvið

Á Mannvirkjasviði fer fram öflugt starf í þágu fjölmargra fyrirtækja sem starfa innan mismunandi fagfélaga eða hópa; SAMARK – samtök arkitektastofa, FRV – Félag ráðgjafarverkfræðinga, Félag vinnuvélaeigenda, Mannvirki – Félag verktaka og Meistaradeild SI sem samanstendur af 11 félögum iðnmeistara: Félag blikksmiðjueigenda, Félag dúklagninga- og veggfóðrarmeistara, Félag skrudgarðyrkjumeistara, Málrameistarafélagið, Meistarafélag byggingamanna á Norðurlandi, Meistarafélag húsasmiða, Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði, Meistarafélag Suðurlands, Meistarafélag byggingamanna á Suðurnesjum, Múrarmeistarafélag Reykjavíkur og Samtök rafverktaka.

Við gerð síðustu kjarasamninga gaf ríkisstjórnin áheiti um endurskoðun á skipulagslögum og mannvirkjalögum og byggingarreglugerð með það að markmiði að lækka byggingarkostnað. Fyrir fáum miss-erum var starfandi rýnihópur meðal byggingarverktaka og meistara sem yfirfór mannvirkjalögin. Starfið var mjög umfangsmikið og lauk með vel ígrunduðu ábendingum sem fram komu í myndarlegri skýrslu starfs- hópsins. Nú er að störfum endurskoðunar- hópur á vegum umhverfisráðuneytis sem er að yfirfara mannvirkjalögin og nýtur nú þess góða starfs sem rýnihópur SI skilur eftir sig.

Innan **Mannvirkjaráðs** hefur verið umræða um nauðsyn að bæta og samræma verklýsingar. Sérfræðingar sem starfað hafa á Nor-egsmarkaði hafa haldið kynningar á verklag- inu í Noregi. Þessi mikli áhugi aðildarfélaga Mannvirkjaráðs hefur leitt til þess að SI hafa lagt umtalsverða fjármuni í Byggingar- vettvang ásamt Íbúðarlánasjóði, Nýsköpunar- miðstöð og Mannvirkjastofnun og ætla Byg- gingarvettvangnum það verkefni að koma þessum samræmdu verklýsingum á laggirnar, en hann hóf störf á fyrri hluta síðasta árs og er ætlað að starfa í þrjú ár. Bundnar eru vonir við að gerð samræmdra miðlægra verklýsinga verði fullmótaðar eða a.m.k. komnar vel á veg að þeim tíma loknum.

SI hafa fylgst náið með byggingu íbúðar- húsnæðis síðustu ár. Starfsmenn SI fara tvisvar á ári og telja íbúðir í byggingu. Þessi talning er ein mikilvægasta vísbendingin sem völ er á um framboð húsnæði.

Meistaradeild SI

MSI fjallar um mál sem snerta heildina og er lögð áhersla á að það sem fram fer á fundunum skili sér til stjórna og annarra aðildarfélaga. Málfeini MSI eru margvísleg en líklega eru Mannvirkjalög og byggingar- reglugerð fyrirferðamest.

Iðnaðarlög eru meistarafélagunum ofarlega í huga og leggja félögin þunga áherslu á að lögverndun starfa í byggingariðnaði verði ekki afnumin, eða breytt þannig að hver sem er geti gengið í störf iðnaðarmanna. Meðal annarra mála sem MSI hefur unnið að eru menntamál, útboðsmál og endurskoðun skoðunarhandbóka.

Samtök rafverktaka – SART

SART í samstarfi við Menntasjóð rafiðnað- arins réðust í það stórvirki að gefa spjald- tölvur til allra nema í rafiðnaði. Nánast allt námsefni í rafiðngreinum er hægt að nálgast með rafrænum hætti svo þetta framtak kemur sér vel fyrir nemana.

Þá stóðu samtökin fyrir ráðstefnu um framtíð rafmagns. Á ráðstefnunni var horft til framtíðar og brugðið upp myndum af því sem gæti verið framundan.

Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins ásamt SART og RSÍ hafa unnið að því að gera rafræna ferilbók fyrir nema í rafiðnaði, sem síðar mun einnig gagnast nemum í öðrum iðn- greinum. Verkefnið er unnið í samvinnu við Tækniskólan og Advania með vitneskju mennta- og menningarmálaráðuneytis. Ætlunin er að namar geti skráð verkefni sín í skólanum og haldi síðan áfram skráningu verkefna þegar í vinnustaðanám er komið.

Félag ráðgjafarverkfræðinga – FRV

Í upphafi árs var í samstarfi við SI og innan- ríkisráðuneytið efnt til málþings um einka- fjármögnun innviðafrankvæmda. Málþingið var vel sótt og markaði á vissan hátt upphaf að víðtækri umræðu um nauðsyn innviða- fjárfestinga.

Á Norðurlöndunum og víðar er gefin út skýrsla um stöðu innviða undir enska heitinu State of the Nation. Skandinavísku systurfélög FRV annast útgáfuna og hefur FRV fengið SI til að fjármagna verkefnið að mestu. Skýrslunni er ætlað að vera umræðugrund- völlum og talnaefni sem opinber umræða um innviði og innviðafjárfestingar getur byggt á. Stefnt er á útgáfu í haust.

Launakostnaður er eðlilega lang stærsti útgjaldaliður í rekstri ráðgjafarfyrirtækja og því leggst tryggingagjald þyngra á þau en aðra atvinnustarfsemi. FRV telja mikilvægt að það verði lækkað til muna.

FRV hefur áhyggjur af leyfisferlum framkvæmda. Áberandi hefur verið undanfarið að framkvæmdir hafa jafnvel ítrekað verið stöðvaðar vegna kæra.

Möguleikar til að kæra væntanlegar framkvæmdir eru nauðsynlegir og jafnframt mikilvægur þáttur í lýðræðisþjóðfélögum, en hinsvegar er áhyggjuefni hversu seint í ferlinu kæru geta komið fram. Það er óeðlilegt og óheppilegt að kæru komi fram þegar verk eru hafin og eru jafnvel á lokametrunum. Slíkt eykur sóun og fælar t.a.m. erlenda fjárfesta frá því að fjárfesta í uppbyggingarverkefnum á Íslandi.

Samtök arkitektastofa – SAMARK

SAMARK er nýjasta félagið í samfélagi mannvirkjagreina innan SI. Sameiginleg umsögn var gerð um frumvarp til laga um opinber innkaup sem öðluðust gildi í haust en einnig hefur SAMARK verið virkt í sameiginlegum verkefnum s.s. fundum Mannvirkjaráðs SI auk þess að leggja til mannskap við endur- skoðun á ÍST35 Samningskilmálar um hönnun og ráðgjöf sem útgefin var árið 1992.

Við inngöngu í SI var farið í stefnumótun meðal félagsmanna og kom fram skýrt ákall um aukinn sýnileika félagsins og jafnframt sterkt ákall um gerð samræmdra miðlægra verklýsinga. Seinna verkefnið hefur hlotið framgang innan SI. Hvað aukinn sýnileika varðar þá hefur félagið ákveðið að vera þátttakandi á Hönnunarmars í vor, auk þess að leggja til framkvæmdastjóra dönsku systursamtakanna Lene Espersen til að fjalla um hreinan ábata eða gróða sem ávöxt af hönnun á ráðstefnu sem haldin verður í upphafi Hönnunarmars.

Félag verktaka – MANNVIRKI

Starf Mannvirkis reis hæst í júní á síðasta ári þegar efnt var til sameiginlegs rýnifundar Landsvirkjunar og stærri verktaka á útboðs- gögnum Landsvirkjunar. Útboðsgögn Landsvirkjunar byggja flest á staðlinum ÍST30 en önnur á alþjóðlegum FIDIC staðli. Gögn sem byggja á báðum stöðlum voru yfirfarin og rýnd á gagnlegum og áhuga- verðum fundi undir stjórn Jóhannesar Karls Sveinssonar, hæstaréttarlögmanns. Dró Jóhannes Karl saman helstu sjónarmið og áherslur í ágætri skýrslu sem Landsvirkjun getur síðan nýtt til að betrubæta útboðs- gögn og skilmála.

Á sama hátt stóð hugur til að efna til samskonar rýnifundar með ISAVIA en það náðist ekki, illu heilli. Í staðinn var brugðið á það ráð að rýna einhliða útboðsgögn þeirra og samningskilmála og gera sameiginlega umsögn verktaka. Kolbeinn Kolbeinsson verkfræðingur og fyrrverandi varaformaður SI leiddi verkið og tók saman skýrslu með ábendingum sem send var til ISAVIA.



Hugverkasvið



Undir Hugverkasvið heyra 7 félög tækni- og hugverkafyrirtækja: Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Samtök gagnavera, Samtök heilbrigðisiðnaðar, Samtök leikjaframleiðenda, Samtök sprotafyrirtækja, Samtök líftækniyrirtækja og Samtök upplýsingatækniyrirtækja. Á sviðinu starfa sérfræðingar sem þekkja vel tækni- og nýsköpunarumhverfið. Lögð er áhersla á að bæta starfsskilyrði fyrirtækjanna í góðu samstarfi við stjórnvöld.

Á sviðinu er starfandi Hugverkaráð sem stofnað var í mars. Í ráðinu sitja 15 manns og er stofnunin liður í því að efla samkeppnishæfni hugverka- og tækniyrirtækja á Íslandi. Á stofnfundinum voru lagðar línur fyrir starf ráðsins á næstu misserum þar sem kom fram mikilvægi þess fyrir framtíð og vöxt íslenska hagkerfisins að iðnaðurinn vinni markvisst að lykilmálefnum til að ná þeim árangri sem að er stefnt. Farið var af stað með kosningabaráttuna xHugvit á síðari hluta ársins þar sem lögð voru fram helstu málefni hugverkagreina á Íslandi. Menntamál voru fyrirferðamikil og skrifuðu til dæmis 100 stjórnendur undir viljayfirlýsingu með áskorun til stjórnvalda um að tölvunarfræði yrði skyldufag í skólum.

Tækni- og hugverkagreinar

Félög tækni- og hugverkagreina funduðu reglulega á árinu og unnu ötullega að hagsmunamálum fyrirtækjanna.

Samtök sprotafyrirtækja – SSP vinna að hagsmuna- og stefnumálum sprotafyrirtækja og taka virkan þátt í að móta stefnu markvissrar þróunar hátækniðnaðar á Íslandi.

Á starfsárinu var ný framtíðarsýn SSP mótuð til ársins 2020 og skilgreindar forsendur og áhersluverkefni til að koma henni í framkvæmd. Helstu fyrirsagnir í framtíðarsýninni eru: Fjárfesting í nýsköpun skilar framúrskarandi ávöxtun, Aðlaðandi Ísland – alþjóðlegur nafli nýsköpunar og Nýsköpun – meginstoð íslensks efnahagslífs. Stjórn SSP hefur á þessu starfsári lagt sérstaka áhersla á að

fylgja eftir tveimur verkefnum úr stefnumótuninni, virkur markaður með hlutfæð sprotafyrirtækja og skattaafsláttur fyrir fjárfesta til hlutfjárkaupa í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Bæði málin eru enn í vinnslu.

Samtök gagnavera – DCI náðu í gegn einu helsta hagsmunamáli íslensks gagnaverisíðnaðar á árinu þar sem frumvarp um fasta starfsstöð var samþykkt á þingi. Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðismanna, setti fram beiðni á þingi um gerð skýrslu um ávinning og nauðsyn nýs fjarskiptastrengs til Íslands. Vonast er til að skýrslan líti dagsins ljós á vörþingi 2017.

Samtök íslenskra líftækniyrirtækja – SÍL hélt málþing um nýsköpun, fjárfestingu og fjármögnunarleiðir fyrir matvæla- og líftækniyrirtækni í samstarfi við Rannís og SFS. Í framhaldinu var haldinn fundur um fjármögnun líftækniyrirtækja hjá Algalif sem var vel sóttur. Að auki sá nefnd á vegum SÍL um yfirferð umsókna í AVS sjóðnum fyrir líftækniaghópinu.

Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda – SÍK fagnaði hækkun á endurgreiðslum af framleiðslukostnaði úr 20% í 25%, enda um mikið hagsmunamál fyrir kvikmyndaiðnaðinn að ræða. Haldið var málþing um fjárfestingar í kvikmyndaíðnaðinum í Gamla bíói undir nafninu Kvikmyndaframleiðsla er hörku menningaríðnaður! Einnig var haldnir morgunverðarfundir og gefin út skýrsla um hagræn áhrif kvikmyndagerðar.

Samtök heilbrigðisiðnaðarinnar – SHI hafa lagt áherslu á að efla samstarf við aðila á heilbrigðissviðinu með auknum tengslum við stjórnvöld, heilbrigðisstofnanir og önnur fyrirtæki á heilbrigðissviði með bættu þjónustu, hagræðingu, verðmætasköpun og útflutning að leiðarljósi. Samstarfið við Íslandsstofu hefur einnig verið vaxandi, ekki síst varðandi reglugerðarkröfur á alþjóðlegum mörkuðum, m.a. í Bandaríkjunum, en á síðasta ári var haldið námskeið með erlendum sérfræðingi um kröfur sem FDA gerir til lækningatækja. Þá hafa samtökin í vaxandi mæli tengst norrænum verkefnum sem njóta stuðnings Nordic Innovation sem hefur á undanförunum árum lagt aukna áherslu á verkefni á sviði heilbrigðistækni. SHI og Reykjavíkurborg taka m.a. þátt í verkefni um betri lausnir fyrir eldra borgara og fatlaða sem byggja á nýrri tækni. Á síðasta ári kom einnig út ný skýrsla McKinsey um Landsspítalann og verkefni honum tengd sem gefa tilefni til aðkomu SHI.

Samtök leikjaframleiðenda – IGI spilaði stórt hlutverk í baráttunni sem leiddi til nýsköpunarfrumvarpsins sem var samþykkt á síðasta vörþingi Alþingis. Þar náðist áfangasigur í málefnum er varða erlenda sérfræðinga, skattlagningu umbreytanlegra skuldabréfa, endurgreiðslna á rannsóknnum og þróun, og fleira. IGI stóð einnig fyrir stefnumótun í maí þar sem farið var yfir liðið ár og skerpt á áherslumálum. Ein af niðurstöðum stefnumótunar var stofnun samfélagsnefndar IGI, sem hefur staðið að viðburðum með grasrótinni í leikjaiðnaði síðan þá. Þá tók IGI þátt í að halda Slush PLAY ráðstefnu sem var haldin með pompi og prakt í Austurbæ í september síðastliðnum.

Samtök upplýsingatækniyrirtækja – SUT hafa haft það að markmiði undanfarin ár að gera upplýsingatækni að áhugaverðasta iðnaði landsins og tók stjórnin því mjög virkan þátt í áttakinu xHugvit. Það var einnig mikil áhersla lögð á að koma svokölluðu nýsköpunarfrumvarpi í gegn. Þá var sérstök áhersla lögð á að hækka þökin á niðurgreiðslu á rannsóknar- og þróunarkostnaði fyrirtækja, sem varð að veruleika í apríl. Einnig var lögð áhersla á að fá betri hagþölgreiningu fyrir UT geirann og varð það ljóst á árinu að þáttur UT geirans er mun stærra hlutfall af vergri landsframleiðslu en komið hafði fram og vöxtur um 20% á hverju ári. Að auki tók stjórn SUT þátt í ýmsum UT tengdum verkefnum eins og UTmessunni, Stelpur og tækni og Microbit verkefninu.



Framleiðslusvið

Undir Framleiðsluvið heyrta fyrirtæki af fjölbreyttum toga sem fást við framleiðslu eða þjónustu. Fyrirtækin starfa saman í starfsgreinahópum og að einstökum málefnum sem snerta rekstur þeirra. Þótt fyrirtækin séu ólík eru mörg mál sem sameina þau, til dæmis áhersla á aukna framleiðni, framfarir í umhverfismálum og bætt rekstrarskýrði.

Framleiðsluráð SI

Framleiðsluráð SI, samstarfsvettvangur framleiðslu- og matvælagreina innan samtakanna, var stofnað í nóvember. Með því að leggja saman krafta má auka sýnileika framleiðslugreina og stuðla að enn fjölbreyttara atvinnulífi. Fyrirtækin geta lært hvert af öðru því framleiðslufyrirtæki standa frammi fyrir svipuðum áskorunum í nýsköpun, framleiðni, gæðastjórnun, umhverfismálum, birgðastjórnun og framleiðslustýringu. Framleiðslugreinar vilja vera eftirsóttur starfsvettvangur fyrir starfsfólk með rétta þekkingu og færni. Þá er mikilvægt að efla samfélagslega ábyrgð fyrirtækjanna og vinna að því að íslenskar framleiðsluvörur séu eftirsóttar vegna gæða, frumleika og jákvæðs uppruna. Í ráðinu sitja níu stjórnendur frá ólíkum fyrirtækjum innan framleiðslugreina en alls eru um 230 framleiðslufyrirtæki í SI.

Hönnun og samkeppni

Fyrirtæki úr öðrum Félags húsagagna- og innréttungaframleiðenda héldu stóru sýningu í Hafnarhúsinu í tengslum við Hönnunarmars. Félagið tók á aðalfundi ákvörðun um að leita frekari leiða til að brúa bilið milli hönnuða og framleiðenda og stuðla að frekara samstarfi.

Samtök iðnaðarins tóku þátt í verkefni „Hönnun í framleiðslu – nýting hönnunar við nýsköpun og vörupróun framleiðslufyrirtækja“ en markmið verkefnisins var að nota hönnun við framleiðslu á fullnum iðnaðarvörum úr vannýttu hráefni og draga þar með úr matarsóun. Íslenskar gulfur orðu fyrir valinu sem hráefni.

Hönnunarverðlaun Íslands voru í ár veitt á vegum Hönnunarmiðstöðvar Íslands í samstarfi við Samtök iðnaðarins, Samtök atvinnulífsins, Hönnunarsafni Íslands, Listaháskóla Íslands og Landsvirkjun. Guðrún Hafsteinsdóttir og Almar Guðmundsson afhentu Geysi verðlaun fyrir Bestu fjárfestingu í hönnun árið 2016.

Fjöregg MNÍ var afhent á Matvæladegi í október með stuðningi SI eins og undanfarin ár. Fjöreggið hlutu sameiginlega Matís og Matvæla- og næringafræðideild HÍ fyrir árangursríkt samstarf um rannsóknir og kennslu í matvælafræði.

Matarsóun, umbúðir og loftslagsmál

Samtök iðnaðarins tóku þátt í starfshópi um matarsóun og má nefna síðuna www.matarsoun.is þar sem góðum ráðum og upplýsingum er komið á framfæri. Bryndís Skúladóttir forstöðumaður hjá SI fjallaði um umhverfismál matvælaíðnaðar á Matvæladegi og beindi sjónum að þætti matvælaframleiðenda við að takast á við matarsóun. Einnig fjallaði Bryndís um umbúðir og matarsóun á málfundi Reykjavíkurborgar, „Umbúðir, hvenær nauðsyn, hvenær sóun?“.

Haldnir voru fundir á vegum SI og Clean-Tech Iceland í Reykjavík og á Akureyri um loftslagsmál. Þar liggja margar áskoranir og fyrirtæki gegna þar mikilvægu hlutverki með því að minnka losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi sinni. Á framleiðni-fundi um markmið fyrirtækja í loftslagsmálum var rætt um praktískar leiðir til að minnka losun og tækifæri til að bjóða lausnir sem hjálpa öðrum fyrirtækjum að ná árangri.

Meginmarkmið keppinnar Ecotrophelia Europe er að stuðla að þróun nýrra, umhverfisvænna matvara. Aðstandendur keppinnar, SI, Matís og NMÍ styrktu lið frá Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands til að keppa fyrir Íslands hönd með vöruna Arctic Barley. Ragnheiður Héðinsdóttir, SI, sat í dómnefnd fyrir hönd Íslands ásamt dómurum frá 20 Evrópulöndum.

SI tók þátt í norrænu samstarfsverkefni sem miðar að því að styðja norrænan tisku- og textíliðnað í því að stýra efnanotkun í aðfangakeðjunni á þann hátt að sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi við framleiðslu fataefna.

Stefnumótun og félagsstarf

Málmur- samtök fyrirtækja í málmiðnaði samþykktu á aðalfundi sínum umfangsmiklar lagabreytingar sem stjórn félagsins hafði unnið að á árinu. Var það fyrst og fremst gert í þeim tilgangi að efla félagið og sameina loks öll fyrirtæki í málmiðnaði innan samtakanna undir einni öflugan hatt. Á árinu tók Málmur í samstarfi við Félag blikksmiðju-eigenda þátt í stofnun Málmgreinaráðs Borgarholtsskóla. Ráðið er farvegur skoðana-skipta og samstarfs um þróun náms og kennslu í málmiðngreinum.

Landsamband bakameistara, LABAK, efndi til stefnumótunar í október og setti sér framtíðarsýn til ársins 2021. Þar kom fram mikill einhugur um að efla samstarf og samkennd undir merkjum félagsins, efla

nýsköpun og byggja upp jákvæða ímynd greinarinnar. Stjórn félagsins vinnur nú ötullega að því að hrinda í framkvæmd þeim verkefnum sem sett voru í forgang í stefnu félagsins.

Helstu umfjöllunarefni SMK á árinu voru tollasamningur við ESB, búvörusamningar og úthlutun tollkvóta.

Höfundur Köku ársins 2016 var Henry Reynisson og afhenti hann stjórn Kvenfélagsins Hringsins fyrstu kókuna. Einnig var safnað einni milljón króna með sölu Brjóstabollunnar á mæðradaginn.

Samtök iðnaðarins tóku þátt í og kynntu starfsemi sína á norðlensku matarhátíðinni Local Food. Nokkur af stærstu aðildarfyrirtækjum SI í matvælaframleiðslu eru á Norðurlandi og margar nýjungar voru kynntar.


Matur er mikils virði – nýir straumar og markaðssetning matvæla var yfirskrift ráðstefnu sem samstarfsvettvangur um Matvælalandið Ísland stóð fyrir. Á ráðstefnunni var fjallað um nýjustu strauma og stefnur í matvælageiranum.

Lýðheilsuþróun gera kröfu um skattlagningu á gosdrykkjum og sykrudum vörum en Samtök iðnaðarins telja að fullreynt sé að skattlagning á sykri skili árangri í baráttunni við offitu en hefur í för með sér mikinn kostnað fyrir bæði fyrirtæki og hið opinbera. Sérstaklega hafa SI gagnrýnt meðferð lýðheilsuþrivalda á tölum um gosdrykkjaneyslu sem er ekki í samræmi við sölutölur.

Nokkur styr stóð um innheimtu stöðugjalda fyrir gáma og SI gerðu athugasemdir við aðgerðir sveitarfélaga, hvernig staðið var að innheimtu og hve viðtæk gjaldtakan var.

Prýði

Prýði, sem er samstarfsvettvangur fimm fagfélaga innan SI héldu stefnumótunarfund á árinu. Á fundinum mættu fulltrúar allra fagfélaganna en þau eru Félag hársnyrtmeistara á Norðurlandi, Félag íslenskra gullsmiða, Félag íslenskra snyrtifræðinga, Klæðskera- og kjólameistarafélagið og Ljósmyndarafélag Íslands. Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður stefnumótunar og nýsköpunar SI, stýrði fundinum þar sem horft var til framtíðar og verkefnum forgangsraða með það að leiðarljósi að unnið sé að sameiginlegum hagsmunamálum fagfélaganna. Kom þar m.a. fram að öll félögin vilja leggja aukna áherslu á að stunduð sé fagleg og lögleg starfsemi innan greinanna. Fjölmargir viðburðir og fundir voru einnig á vegum félaganna sjálfra innan Prýði á árinu en þar fer fram mjög öflugt starf.



Efnahags- og starfsskilyrði



Kraftur í efnahagslífinu en erfið samkeppnisstaða

Mikill kraftur er í efnahagslífinu um þessar mundir og talið er að hagvöxtur á nýliðnu ári hafi verið tæp 6% sem er umtalsvert meiri vöxtur en gert var ráð fyrir. Kaupmáttur jókst mikið, atvinna jókst mikið, fjárfesting er á uppleið, verðbólga var lág og gengi krónunnar styrktist verulega. Samhliða þessum uppgangi í efnahagslífinu er kraftur í ýmsum geirum iðnaðarins en þeir sem eru í útflutningi og keppa við innfluttar framleiðsluvörur finna mikið fyrir áhrifum af styrkingu krónunnar.

Breiður grunnur

Hagvöxtur síðastu ára byggir á breiðum grunni. Einkaneysla vegur þyngst og er talið að hún hafi aukist um 7% á síðasta ári. Kaupmáttur og ráðstöfunartekjur uxu mikið, gengið styrktist, olíuverð voru lág og ýmis aðflutningsgjöld voru lækkuð. Allt hefur þetta stuðlað að vaxandi einkaneyslu og horfur á að svo verði áfram.

Fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu er loksins að ná yfir 20% en lágt fjárfestingastig hefur í heild sinni verið einn mesti veikleiki í efnahagslífinu síðustu árin. Atvinnuvegafjárfesting er að vaxa mikið, einkum í tengslum við uppbyggingu í ferðaþjónustu en nokkur aukning var einni í orku- og stóriðjutengdum framkvæmdum.

Samneyslan óx um 1,4% á síðasta ári og stafar hækkunin fyrst og fremst af hækkun launa hjá opinberum starfsmönnum. Lítil breyting er í opinberum fjárfestingum og ekki horfur á að það breytist. Þetta veldur Samtökum iðnaðarins nokkrum áhyggjum enda mikil undirliggjandi þörf á fjárfestingum innviða eftir mikinn samdrátt í slíkum fjárfestingum frá árinu 2009.

Í almennri umræðu um efnahagsmál hefur mikið borið á samlíkingu við efnahagsástandið núna við árin 2006-2007 en mikilvægur munur er fyrir hendi. Á þeim tíma var mikill hluti hagvaxtarins drifin áfram af erlendra lántöku og mikið ójafnvægi myndaðist í þjóðarbúskapnum. Þessi skilyrði eru ekki fyrir hendi og hagkerfið miklu betur í stakk búið til að mæta sveiflu.

Húsnæðisverð leiðir verðbólguna

Verðbólga hefur nú verið undir verðbólguþröngum miðað við meira en þrjú ár en það hefur aldrei í sögunni gerst. Ef húsnæðisliður er undanskilin hefur verðbólgan raunar staðið í stað síðustu ár. Öðru fremur skýrist lág verðbólga af styrkingu krónunnar síðustu misseri auk þess sem aðhald stýrivaxta hefur verið umtalsvert en Samtök iðnaðarins hafa verið gagnrýnin á vaxtastefnuna og viljað hraðari lækkun vaxta enda skilyrði fyrir hendi. Í heild sinni voru vextir lækkaði um 0,5% á síðasta ári.

Nánast öll verðbólga sem nú mælist er tilkomin vegna hækkunar á húsnæðisverði. Aukinn kaupmáttur og betra atvinnuástand ýtir undir

hækkun húsnæðisverð en að mati Samtaka iðnaðarins liggur meginorsökin á framboðshlið markaðarins. Framleiðsla á nýju íbúðarhúsnæði er langt undir þörf. Ástæðan er sú að byggingaverktakar sem vilja byggja húsnæði fá einfaldlega ekki nógu mikið af lóðum.

Spenna á vinnumarkaði og skortur á fólki

Atvinna jókst stöðugt á síðasta ári og talið er að 8.500 fleiri hafi verið starfandi en árið á undan. Það jafngildir 4,6% fjölgun. Á sama tíma mælist atvinnuleysi 3% og almennt er reiknað með að það haldi áfram að lækka. Þessi fjölgun starfandi er að langmestu leyti mætt með fjölgun útlendinga á íslenskum vinnumarkaði en í heild sinni er talið að fleiri Íslendingar hafi flutt frá landinu en til þess. Þótt þessi þróun skipti sköpum við að mæta vaxandi eftirspurn eftir vinnuafli veldur brottflutningur Íslendinga frá landinu nokkrum áhyggjum. Hækkun launa árið 2016 var ríflega 11% og reikna má með að laun muni áfram hækka mikið í ár.

Skert samkeppnishæfni

Árið 2016 styrktist gengi krónunnar um 12% að meðaltali en árið á undan var líka umtalsvert styrking. Gengi krónunnar hélt nokkuð stöðugt í upphafi árs 2017 jafnvel þótt mikil aukning væri í fjölgun ferðamanna frá árinu á undan. Skýringin á því liggur að mestu í sjómannaverkfalli en um leið og það leystist byrjaði krónan að styrkjast á ný. Horfur fyrir gengið á þessu ári eru að krónan verði áfram sterk með tilheyrandi erfiðleikum fyrir samkeppnishæfni þeirra sem eru í útflutningi og keppa við innfluttar vörur.

Í heild sinni jókst útflutningur frá Íslandi á síðasta ári um 9,5%. Þessi aukning er að langmestu leyti drifin áfram af ferðaþjónustu enda var á síðasta ári mikill halli á vöruviðskiptum við útlönd. Krefjandi umhverfi var fyrir útflutning á iðnaðarvörum og má reikna með um 18% samdrætti árið 2016 m.v. árið á undan. Stóriðjan vegur þar þyngst en í öðrum vörum var magnið að aukast umtalsvert þótt verðmætin minnkuðu vegna styrkingar krónunnar. Talið er að samdráttur 2016 í þjónustutengdum útflutningi iðnaðar hafi verið um 7%. Þessi neikvæða þróun er að stærstum hluta vegna styrkingar krónunnar sem veldur útflutningsiðnaði miklum búsigjum.

A photograph of a stone building with a green dome and arched windows, partially obscured by a tree and a concrete wall in the foreground. The building is constructed from dark grey stone blocks. The dome is made of green-patina copper. The windows are white-framed with multiple panes. A large tree with green leaves and small red flowers is on the left. A concrete wall is in the foreground. The sky is clear blue.

Lögfræðileg málefni

Samtök iðnaðarins veita félagsmönnum ráðgjöf og aðstoð í lögfræðilegum málefnum. Í því felst að fyrirtæki, samtök fyrirtækja eða starfsgreinahópar SI geta leitað til lögfræðings SI þegar lögfræðilegt álitæfni kemur upp. Álitæfnin eru fjölbreytt og geta varðað sértæk álitæfni einstakra fyrirtækja eða málefni starfsgreina eða iðnaðarins í heild.

Íslensk framleiðsla og upprunamerkingar

Innanríkisráðuneytið birti á árinu drög að reglugerð um notkun þjóðfána Íslendinga við markaðssetningu á vöru og þjónustu. Samtök iðnaðarins fögnuðu reglugerðinni enda mikilvægt að skýra nánar þau viðmið og reglur sem gilda um notkun íslenska fánans í markaðsskyni. Reglugerðardrögin voru kynnt á fundi fyrir félagsmenn. Að mati SI voru ýmsir ágallar á drögunum sem samtökin gerðu athugasemdir við. Mál þetta er enn yfirstandandi og fylgja samtökin málinu eftir.

Útboðsmál

Á liðnu ári tóku gildi ný lög um opinber innkaup nr. 120/2016 þar sem markmiðið var að innleiða Evróputilskipanir á sviði opinberra innkaupa. Samtök iðnaðarins fögnuðu drögum að frumvarpi til laganna en gerðu athugasemdir við ýmis atriði sem betur máttu fara að mati samtakanna. Náðist góður árangur í þeirri vinnu.

Leiðir til að sporna gegn kennitöluflakki

Skipaður var starfshópur Samtaka atvinnulífsins og aðildarféлага þess, þar á meðal SI, sem hafði það verkefni að leggja til tillögur að úrbótum með það markmið að sporna gegn kennitöluflakki án þess að þrengt væri að lögum og ábyrgri atvinnustarfsemi. Starfshópurinn skilaði fullmótuðum tillögum í október 2016. Er nú yfirstandandi áframhaldandi vinna í tengslum við mál þetta í samvinnu við ASÍ.

Keðjuábyrgð

Í tilefni af ákvæðum um keðjuábyrgð í útboðsskilmálum ýmissa opinberra aðila öfluðu samtökin áhlits utanaðkomandi sérfræðings á nokkrum álitamálum í tengslum við téð ákvæði. Þar var tekið undir efasemdir Samtaka iðnaðarins um lögum um umræddra ákvæða út frá sjónarmiðum sem varða til að mynda persónuvernd og samkeppnis-sjónarmið.

Breyting á lögum nr. 45/2007

Fyrirhuguð er breyting á lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfsmanna þeirra nr. 45/2007. Með breytingunni verður keðju-ábyrgð lögfest í tilteknum tilvikum, samkvæmt Evróputilskipun. SI hafa komið að viðræðum SA og ASÍ um að móta afstöðu til helstu álitamála í tengslum við fyrirhugaða lagabreytingu með það fyrir augum að gæta hagsmuna félagsmanna SI.

Lagabreytingar á árinu 2016 sem Samtök iðnaðarins hafa látið sig varða:

- Lög um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum o.fl.
- Lög um gjaldeyrismál og losun fjármagnshafta
- Lyfjalög
- Lög um breytingu á búvörlögum, búnaðarlögum og tollalögum
- Lög um opinber innkaup
- Lög um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur
- Lög um útlendinga og breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga
- Lög um breytingar á ýmsum lögum til að styðja við fjármögnun og rekstur nýsköpunarfyrirtækja og smærri fyrirtækja í vexti
- Lög um breytingu á ýmsum lagákvæðum um skatta og gjöld, þ.m.t. tryggingagjald
- Lög um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi
- Lög um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, áfengislögum og lögum um gjald af áfengi og tóbaki
- Lög um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald

Umsagnir SI má finna á vef samtakanna, www.si.is.

A photograph of a man and a woman in an office setting. The man, on the right, is wearing a blue and white checkered shirt and is smiling broadly while shaking hands with another person whose arm is visible on the left. The woman, on the left, is wearing a white blouse and is also smiling. They are sitting at a desk with a laptop and a white mug. In the background, there is a large window with a grid pattern, letting in bright light. The overall atmosphere is positive and professional.

Gæðastjórnun



Allnokkur þróun hefur orðið á aðstoð og ráðgjöf Samtaka iðnaðarins vegna gæðastjórnunar og gæðastjórnunarkerfa á síðasta ári. Auðveldar er nú en áður að sérsníða lausnir fyrir hvern og einn notanda og aðlaga gæðakerfi að þörfum viðkomandi fyrirtækis. Aðgangur að gæðakerfi SI gefur notendum jafnframt möguleika á að endurnýja helstu Office foritin, svo sem Word, Excel og Outlook og fá netfang með nafni fyrirtækisins með endingunni @gsi.is án aukakostnaðar.

Mesta álagið er liðið hjá varðandi innleiðingu, úttekt og samþykkt Mannvirkjastofnunar á gæðastjórnunarkerfum hjá iðnmeisturum, byggingarstjórum, hönnuðum og hönnunarstjórum samkvæmt lögum um mannvirki. Nú er komið að virkniúttektum MVS á gæðakerfunum þar sem fyrrmefndir aðilar þurfa að sýna fram á að virkni kerfanna sé í samræmi við lög og reglur.

Þá félagsmenn SI sem vantar aðstoð í þessum efnun stendur til boða að leita í reynslu- og gagnabanka SI sem inniheldur m.a. allnokkuð safn af hljóðglærum og annað fræðsluefni á vefsíðu SI.

Við bein samskipti milli starfsmanna SI og félagsmanna varðandi aðstoð og ráðgjöf ræður SI yfir ágætum tækni- og hugbúnaði sem auðveldar mjög öll samskipti í þessum efnun þar sem hægt er að tengjast viðkomandi í gegnum tölvur hvar sem hann er staddur á landinu.

Samtökin eiga jafnframt í góðu samstarfi við IÐUNA fræðslusetur varðandi námskeiðshald um rekstur, stjórnun og kennslu á tölvur til notkunar við gæðastjórnun.

Fjöldmörg fyrirtæki hjá SI hljóta vottun

Nokkur fyrirtæki hafa bæst í hóp þeirra sem hafa nýtt sér áfangaskiptar gæðastjórnunartögnir SI. Vottununum er ætlað að hvetja stjórnendur til að líta upp úr daglegu amstri og íhuga hvort ekki megi hagræða, einfalda og betrubæta í rekstri og rekstrarumhverfi. Alls hafa 49 fyrirtæki nýtt sér þessa aðferðafræði á ýmsum stigum og ýmsum starfsgreinum sem á við á öllum sviðum framleiðslu, þjónustu og mannvirkjagerðar.

Rafmiðlun, Árvirkinn, Neyðarþjónustan, Harald og Sigurður, Litagleði og H. Árnason hafa staðist úttekt á fyrsta þrepi áfangaskiptrar gæðavottunar Samtaka iðnaðarins og hlotið D-vottun.

D-vottun er fyrsti hluti gæðavottunarkerfis SI sem tekið er upp í fjórum áföngum. Með því er stefnt að því að gera rekstur fyrirtækja skilvirkari. Í því skyni fer fyrirtækið í gegnum stefnumótun þar sem afkoma hvers verks eða vöru er skilgreind með það að markmiði að auka framleiðni og hagnað fyrirtækisins.

Snókur verktakar og Bliksmiðja Guðmundar hafa fengið C-vottun. C-vottun er annar hluti gæðavottunarkerfis SI og staðfestir að reksturinn er í góðum höndum, studdur með öflugum verkþókhaldi, góðri skipulagningu og með mikla sérstöðu varðandi áherslur í öryggis- og heilbrigðismálum.

Áfangaskipt gæðavottun SI er aðgengileg aðferð til að bregðast við aukinni samkeppni og hentar þeim sem vilja beita sér fyrir því að reka betri og arðvænni fyrirtæki.



Umhverfis- og orkumál



Samkeppnishæfni orkunotenda á Íslandi

Stjórn SI samþykkti nýlega raforkustefnu sem leggur áherslu á að raforka framleidd á Íslandi skuli nýtt til verðmætasköpunar innanlands. Öflugur iðnaður er undirstaða búsetu og verðmætasköpunar. SI telja eðlilegt að horft verði til arðsemi af framleiðslu og flutningi raforku í víðu samhengi og þann ávinning sem hlýst af raforkunýtingu í fyrirtækjum á Íslandi. Standa þarf vörð um samkeppnishæfni orkunotenda og tryggja samkeppnishæft orkuverð á Íslandi í alþjóðlegu samhengi. Efnahagslegur ávinningur orkuvinnslu og nýtingar verði veginn saman á móti umhverfisþáttum með skynsömum og hagkvæmum hætti.

Stefnan tekur til margra þátta svo sem að leggja á herslu á að auka samkeppni þar sem því verður komið við. Þannig má betur stuðla að betri samkeppnishæfni. Einn hluti af því væri að byggja upp skammtímamarkað með raforku sem væri til lengdar til hagsbóta fyrir framleiðendur, seljendur og notendur raforku.

Í stefnunni er lögð áhersla á að fullur aðskilnaður náist á milli framleiðslu- og flutningsfyrirtækja raforku en það stuðlar að heilbrigðari markaði og gagnsæi á raforkumarkaði. Áfram verði unnið að uppbyggingu flutningskerfisins enda er kerfið ein af lykilstoðum innviða í landinu sem þjónar bæði fyrirtækjum og almenningi.

Loftslagsmál

Loftslagið hlýnar og betri umgengni við umhverfið eru verkefni sem við verðum að takast á hendur. Iðnaðurinn er þar í lykilhlutverki, tilbúinn með lausnir og hugmyndir. Fyrirtækin í landinu eru í lykilstöðu til að bæta nýtingu auðlinda og minnka sóun með því að leggja metnað í að starfa í sem mestri sátt við umhverfi og samfélag.

Áhugi í fyrirtækjum á loftslagsmálum og öðrum umhverfismálum hefur stóraukist í kjölfar Parísarfundarins. Fleiri fyrirtæki horfa í eigin barm og vilja takmarka losun í sinni starfsemi. Okkar forskot liggur í fjölbreyttum iðnaði sem byggst hefur upp vegna góðs aðgengi að endurnýjanlegri orku. Það er mikilvægt að atvinnulífið verði virkjað enn frekar til að Ísland nái markmiðum í umhverfis- og loftslagsmálum. Stjórnvöld þurfa að vinna náið með atvinnulífina að því að ná settum markmiðum.

Sömuleiðis líta framleiðendur á hvernig vörur þeirra geta hjálpað til við að minnka losun. Í fyrirtækjum okkar býr mikill kraftur sem má leysa úr læðingi og stuðla má að minni losun hérlendis með því að

Hins vegar er afar mikilvægt að huga að hagkvæmni slíkra framkvæmda enda endar reikningurinn alltaf hjá raforkunotendum. Í því ljósi þarf gjaldtaka fyrir raforkuflutning líka að verða gagnsærri.

Enn fremur er hnykk á því í raforkustefnunni að verja þurfi hugmyndafræði rammaáætlunar sem samtökin hafa stutt. Samtökin leggja hins vegar áherslu á að vægi efnahagslegra áhrifa virkjana verði skoðað betur í áætluninni en ekki bara náttúruáhrif og umhverfisáhrif. Samfélagslegir þættir þurfa að fá jafnmikið vægi til að taka upplýstar ákvarðanir.

styrkja fyrirtæki í þessu starfi. Loftslagsmál er þverfaglegt verkefni sem krefst samvinnu fjölda aðila úr ólíkum áttum, jafnvel aðila sem ekki vinna annars saman. Með því að styrkja uppbyggingu fyrirtækja á þessu sviði er hægt að leggja stóðir undir sterka atvinnugrein í grænni tækni.

Styðja má við vöxt grænnar atvinnustarfsemi og útflutning á vistvænni tækni frá Íslandi. Stuðningur opinberra aðila bæði í orði og verki, getur hleypt af stað bylgju jákvæðra verkefna. Koma má á stofn Loftslagssjóði eins og lög heimila, og beita honum í tækniþróun á sviði grænnar tækni. Þannig er stutt við minni losun hérlendis sem og uppbyggingu útflutnings á vistvænni tækni.



Menntun og mannauður



SI leggja áherslu á menntamál til að stuðla að bættu aðgengi fyrirtækja að hæfum starfskröftum. Það er lögd áhersla á að menntastefna sé í takt við atvinnustefnu og að greindar séu framtíðarþarfir atvinnulífsins og samfélagsins fyrir hæfni og þekkingu fólks á vinnumarkaði. Samtökin vilja stuðla að virku samstarfi við ráðuneyti menntamála, skólastiganna allra og annarra hagsmunaaðila. Starfsemin miðar að því að auka hlutfall nemenda sem velja raunvísinda- og tæknigreinar á háskólastigi. Þá vilja samtökin stuðla að öfluglu framboði náms á fagháskólastigi sem tryggir fagmenntað fólk í alla þætti iðnaðarins. Markmiðið er að auka áhuga á iðn-, verk- og tæknigreinum þannig að 30% grunnskólanema velji starfsmenntun árið 2030. Á árinu voru fjölmörg verkefni sem SI tóku þátt í sem tengdust mennta- og mannauðsmálum.

Microbit – forritanlegar smátölvur

SI, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Menntamálastofnun og RÚV tóku höndum saman um átaksverkefni með það að markmiði að efla forritunarkunnáttu íslenskra barna, auka vitund um mikilvægi forritunar í daglegum störfum, efla rökhugsun og stuðla að auknum áhuga á tækni- og iðngreinum. Átakið felst í því að gefa öllum nemendum í 6. og 7. bekk forritanlegar smátölvur sem nefnast Microbit. Forritunarvinna reynir ekki aðeins á rökhugsun heldur einnig á hugmyndaauðgi, skapandi hugsun og lausnamiðaða nálgun. Allt eru þetta eiginleikar sem eru þess virði að rækta og efla hjá námsfólki nútímans til að börnin okkar verði sem best undir það búin að takast á við verkefni framtíðarinnar en þau verkefni eru mörg hver óþekkt núna. Verkefnið hefur vakið mikla athygli og var meðal annars kynnt á BETT sýningunni í London þar sem það var kynnt fyrir áhugasömum aðilum. Eftir var til forritunarleikanna, Kóðinn 1.0, sem hýst er á vef RÚV.

Fagháskólanám

Á árinu var undirritað samkomulag um þróunarsjóð fagháskóla. SI tekur því þátt í mikilvægu þróunarstarfi í tengslum við fagháskólanám þar sem markmiðið með náminu er að efla verk- og starfsnám og stuðla að tækifærum til framgangs fyrir þá sem velja slíkar námsleiðir. Farið verður af stað með fagháskólanám sem þróunarverkefni árið 2017 og a.m.k. 5 mismunandi námsleiðir verða skilgreindar til þróunar og innleiðingar samkvæmt niðurstöðu faghóps sem skilaði af sér skýrslu um málið á árinu.

Stelpur og tækni

Girls in ICT Day er hluti af alþjóðlegu átaki og haldið undir nafninu Stelpur og tækni. Um fjögur hundruð stelpur úr grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu og Austurlandi heimsóttu HR og nærri 20 tæknifyrirtæki í apríl. Skipuleggjendur dagskrárinnar er Háskólinn í Reykjavík, Skýrslutæknifélag Íslands og SI. Verkefnið vekur áhuga á fjölbreyttum möguleikum í tækninámi og störfum þar sem áherslan er lögd á að sýna fyrirmyndir í tæknigeiranum og brjóta niður staðalmyndir.

GERT

GERT (verkefni um að grunnmenntun verði eflað í raunvísindum og tækni), sem var að ljúka sínu þriðja starfsári, er samstarfsverkefni SI, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga með það að markmiði að efla áhuga nemenda í grunnskóla á raunvísindum og tækni og jafnframt kynna fyrir þeim verk- og iðnmenntun ásamt störfum sem því tengjast. Ný heimasíða verkefnisins, www.skolarogtaekni.is, fór í loftið á árinu. Fjöldi skóla og fyrirtækja hefur tekið þátt en unnið er markvisst með fyrirtækjaheimsóknir skólabarna og kynningu á störfum.

BOXIÐ – Framkvæmdakeppni framhaldskólanna

BOXIÐ er samstarfsverkefni SI, Háskólans í Reykjavík og Sambands íslenskra framhaldsskólanema. Markmið með Boxinu er að kynna og vekja áhuga nemenda í framhaldsskólum á verk- og tækninámi og fjölbreyttum störfum í iðnaði. Átta lið fóru á milli brauta og leystu ólíkar þrautir á hverjum stað en fyrirtæki úr ólíkum greinum iðnaðarins hönnuðu þær í samstarfi við fræðimenn Háskólans í Reykjavík. Fyrirtækin sem komu að gerð þrautanna eru CCP, ÍAV, Marel, Matís, ORF Líftækni, Orkuvirki, Trefjar og Verkís. Lið MH vann BOXIÐ 2016.

Forritarar framtíðarinnar

Sjóðurinn „Forritarar framtíðarinnar“ er samfélagsverkefni sem hefur það hlutverk að efla forritunar- og tæknimenntun í grunn- og framhaldsskólum landsins með því að bjóða styrki til tækjabúnaðar og þjálfunar kennara. 12 milljónir króna voru veittar til fjórtán skóla á þessu ári. Um er að ræða samstarfsverkefni Skema, RB og aðila atvinnulífsins.

Í aðdraganda kosninga

MENNTUN

Húsasmiður á sjötugsaldri lýsir eftir frambjóðendum sem vilja efla iðnmenntun á næstu árum svo hann geti farið á eftirlaun með góðri samvisku.

Upplýst ákvörðun í kjörklefanum skiptir máli.

Allt um stefnu Samtaka iðnaðarins á si.is.
KJÓSUM GOTT LÍF

...grunnþörf...
...földi...

Samtök iðnaðarins lögðu sitt af mörkum í umræðuna í aðdraganda kosninga með margvíslegum hætti. Lögð voru fram sex málefni sem skipta atvinnulífið máli undir yfirskriftinni Kjósum gott líf. Efnt var til fundahalda til að ræða ýmist öll málefni sex eða einstök málefni. Greinar voru birtar auk þess sem auglýsingar birtust í öllum helstu fjölmiðlum, samfélagsmiðlum og á strætisvagnaskýlum. Þá var kynningarbæklingur með upplýsingum um öll málefni sex sendur á frambjóðendum sem voru efstir á listum út um allt land. Málefni sem sett voru á oddinn rötuðu inn í umræðuna með margvíslegum hætti og náðist því markmiðið að ná eyrum frambjóðenda sem margir hverjir nýttu sér upplýsingarnar frá samtökunum.

Málefni átaksins Kjósum gott líf

1. Efnahagslegur stöðugleiki – nauðsynlegur sjálfbærum vexti
2. Húsnæði – grunnþörf yngri og eldri kynslóða
3. Menntun – forsenda bættra lífskjara og aukinnar framleiðni
4. Samgöngur og innviðir – drifkraftur verðmætasköpunar og gjaldeyrstekna
5. Orka og umhverfi – fjölbreyttur iðnaður í sátt við umhverfið
6. Nýsköpun – drifkraftur verðmætasköpunar og gjaldeyrstekna




Þá stóð Hugverkaráð SI fyrir átaksverkefninu xHugvit. Markmið átaksins var að málefni xHugvits kæmu fram í stefnuskrá nýrrar ríkisstjórnar. Í greiningu sem unnin var á hugverkasviði SI kemur fram að mikið af málefnum xHugvits hafi komið þar fram, skapandi greinar séu rauður þráður, vísbendingar séu um áhuga á málefnum xHugvits, mikill áhugi sé á framþróun í menntamálum sér í lagi í tengslum við tækni, listir og aðrar skapandi greinar. Niðurstaðan sé því sú að stefnumál ríkisstjórnarinnar og málefni xHugvits falli vel að hvort öðru og bjóði upp á mikil tækifæri.

Málefni xHugvits

7. Að hvetja til nýsköpunar í öllum greinum
8. Að börnin okkar fái forskot af því að þau alast upp í íslensku menntakerfi
9. Að búa í útflutningsdrifnu samfélagi og skapa sín eigin verðmæti
10. Að hafa greiðan aðgang að sérfræðiþekkingu erlendra aðila
11. Betra heilbrigðiskerfi með íslenskum tæknilausnum
12. Samfélag þar sem skapandi greinar blómstra
13. Vel tengt Ísland
14. Fyrirmyndar viðskiptaumhverfi





Fagfólkið

Samtök iðnaðarinnar hófu samstarf við mbl.is um vikulegar sýningar á stuttum og skemmtilegum myndskaiðum. Farið var inn í fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum þar sem rætt var við einstaklinga í áhugaverðum störfum auk þess að veita innsýn í lífið eftir vinnu. Alls voru þættirnir 42 talsins. Verkefnið er liður í að sýna fjölbreytileika starfa í iðnaði, verðmætin og gott líf sem þau skapa fyrir samfélag og einstaklinga.

Aðalsteinn Haukur Sverrisson, framkvæmdastjóri RECON
 Arna Arnardóttir, gullsmiður hjá Gulli og silfri
 Arna Rúnarsdóttir, lífefnafræðingur hjá Orf líftækni
 Auðunn Kjartansson, múrarameistari hjá Aðalmúr
 Ágústa Magnúsdóttir og Gústav Jóhannsson hjá húsgagna- og hönnunarfyrirtækinu AGUSTAV
 Ásta Marý Stefánsdóttir, vélvirkir hjá Marel
 Bára Eyfjörð Heimisdóttir, gæðastjóri hjá Norðlenska
 Bjarki Freyr Sigurjónsson, kjötiðnaðarmaður hjá SS á Hvolsvelli
 Björn Björnsson, smiður hjá Sæplasti á Dalvík
 Björn Gústaf Hilmarsson, liðsstjóri rafvirkja hjá Norðuráli
 Bæring Jóhann Björgvinsson, rafmagnsiðnfræðingur hjá Lýsi
 Einar Andrésson, rafmagnsverkfræðingur og svæðisstjóri Eflu á Austurlandi
 Eyrún Helga Guðmundsdóttir, klippari hjá Símanum
 Eyrún Linnét, rafmagnsverkfræðingur hjá Álverinu í Straumsvík
 Gunnar Leifur Jónsson, ljósmyndari hjá Barna- og fjölskylduljósmyndum
 Gunnar Óli Sigurðsson, orkutækni- og verkfræðideild
 Halldór Guðfinnur Svavarsson, dósent við tækni- og verkfræðideild
 HR – rannsóknir við Bláa Lónið
 Hanna Rúna Kristínardóttir, fræðari hjá Kaffitári

Henry Þór Reynisson, bakari hjá Reyni bakara
 Hjalti Lýðsson, súkkulaðiagerðarmaður og framleiðslustjóri hjá Hafliða Ragnarssyni
 Júlíus Ásbjörnsson, prentsmiður og deildarstjóri plastframleiðslu hjá Odda
 Katrín Atladóttir, forritari hjá CCP
 Kári Logason, skipaverkfræðingur hjá Rafnari
 Kristján Magnús Karlsson, Vífilfell
 Lúðvík Hermannsson, tölvunarfræðingur hjá Tempo
 Magnús Baldursson, vélvirkir hjá Frostmark
 Magnús Finnbjörnsson, vélvirkir hjá Carbon Recycling International
 Márus Danielsson, rennismiður hjá Vélvík
 Pawel Uscilowski, rennismiður hjá Össuri
 Sigrún Eva Ármannsdóttir, tölvunarfræðingur og forstöðumaður veflausna hjá Advania
 Silja Ösp Jóhannsdóttir, grafískur miðlari hjá Svansprenti
 Skarphéðinn Njálsson, smiður hjá Bygg
 Svanbjörg Hjartardóttir, snyrtifræðingur hjá Dimmalimm
 Svanhildur Gísladóttir, stálsmiður hjá Járnsmiðju Óðins
 Vignir Halldórsson, húsasmiðameistari hjá Mótx

Í lok árs voru félagsmenn SI 1310. Stjórn Samtaka iðnaðarins veitti 72 fyrirtækjum aðild á árinu og eru þau þessi.

Bein aðild

Uppstreymi ehf.
Þingvangur ehf.
Timburmenn ehf.
Drafnarfell ehf.
Almenna umhverfisþjónustan ehf.
Snilldarverk ehf.
Sólhús ehf.
Eignarhaldsfélagið Birta
Trésmiðjan Höfði ehf.
agustav ehf.
Sameinað Sílikon hf.
Silicor Materials Iceland
PCC BakkiSilicon hf.
BSF productions ehf.
Vizido ehf.
Join Motion Pictures ehf.
MouseTrap ehf.
Taramar ehf.
1939 Games ehf.
Sölufélag garðyrkjumanna
Sinoland
Berserk Films ehf.
Tölvutraust
Alvotec hf.
Alvogen Iceland ehf.

Félag dúklagninga- og veggfóðurmeistara

Pons ehf.
Jökull Þorleifsson ehf.

Félag íslenskra gullsmiða

Ólafur Stefánsson
Ragnhildur Sif Reynisdóttir

Félag íslenskra snyrtifræðinga

Systrasel ehf.
Snyrtistofa Kristínar ehf (Krisma)
Nudd- og snyrtistofan Rósa
Cosy
Sanata ehf.

Félag ráðgjafarverkfræðinga

Stapi ehf. jarðfræðistofa

Félag skruðgarðyrkjumeistara

Garðasmiði ehf.

Félag vinnuvélæigenda

HG krantar ehf.
Línuborun ehf.
Aldey ehf.

Landssamband bakarameistara

Sauðárkróksbakarí ehf.
Brauðhúsið ehf.

Ljósmyndarafélag Íslands

Pétur Þór Sörensson
Svanhildur Egilsdóttir

Málarameistarafélagið

Tómas Einarsson
Hilmar Mikael Sigurðsson

Málmur

Mannberg ehf.

Meistarafélag byggingamanna á Suðurnesjum

Bjarki Ásgeirsson
Róbert J. Guðmundsson

Meistarafélag húsasmiða

Þ.B. Verktakar ehf.
Jón Eyjólfsson
Smiðsafl ehf.
Kristinn Sigurbjörnsson

Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði

Verkgæði ehf.
Smiðshöggið ehf.
Raftæk ehf.
OG slf.
S.G. Bygg ehf.

Meistarafélag Suðurlands

Pípur og járn ehf.
Kristín Bjarnadóttir

Múrarameistarafélagið

Þorbjörn Ingi Stefánsson
Kristófer O Zalewski
Björn Halldór Halldórsson
Guðni Sigurður Ingvarsson

Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda

Tvíeyki ehf.
Stofa 224 ehf.

Samtök rafverktaka

Raf-Pro ehf.
Eðalraf ehf.
Kerfislagnir
Rafveitan ehf.
Rafinn ehf.
Rafprófun ehf.
Helgi Sævar Sigurðsson

Starfsmenn Samtaka iðnaðarins í árslok 2016



Almar Guðmundsson
Framkvæmdastjóri



Árni Jóhannsson
Forstöðumaður Mannvirkjasviðs



Ásbjörn R. Jóhannesson
Forstöðumaður Rafiðnaðarsviðs



Berglind Guðjónsdóttir
Skrifstofuumsjón



Bjarni Már Gylfason
Hagfræðingur



Björg Ásta Þórðardóttir
Lögfræðingur



Bryndís Skúladóttir
Forstöðumaður Framleiðslusviðs



Davíð Lúðvíksson
Forstöðumaður stefnumótunar
og nýsköpunar



Elínrós Líndal Ragnarsdóttir
Forstöðumaður Hugverkasviðs



Eyrún Arnarsdóttir
Lögfræðingur



Ferdinand Hansen
Verkefnastjóri gæðamála



Friðrik Á. Ólafsson
Forstöðumaður Byggingarsviðs



Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir
Forstöðumaður mennta-
og mannauðsmála



Jóhanna Klara Stefánsdóttir
Viðskiptastjóri Framleiðslusviðs



Jón Bjarni Gunnarsson
Aðstoðarframkvæmdastjóri



Margrét Kristín Sigurðardóttir
Forstöðumaður almannatengsla



Ragnheiður Héðinsdóttir
Forstöðumaður Matvælasviðs



Rakel Pálsdóttir
Forstöðumaður markaðs-
og kynningarmála



Samtök iðnaðarins – www.si.is